

*Dreifibréf til váttryggingafélaga sem falla munu undir tilskipun 2009/138/EB (Solvency II) með síðari breytingum
b.t. forstjóra*

13. nóvember 2015

Tilvísun: 2015010206

Efni: EIOPA hefur lokið útgáfu á tæknistöðlum og viðmiðunarreglum í tengslum við Solvency II

Samkvæmt fréttatilkynningu EIOPA frá 6. júlí sl. hefur stofnunin gefið út annan hluta draga af framkvæmdatæknistöðlum (e. implementing technical standards) og viðmiðunarreglum (e. guidelines). Tæknistaðlarnir voru gefnir út í Stjórnartíðindum ESB 12. nóvember sl., sjá <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=OJ:L:2015:295:TOC>

Í dreifibréfi Fjármálaeftirlitsins frá 13. mars sl. var vakin athygli á fyrsta hluta viðmiðunarreglnanna sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið mið af í undirbúningi fyrir Solvency II. Var því beint til váttryggingafélaganna að nýta sér þessar reglur í undirbúningi sínum.

Markmið þessa dreifibréfs er að vekja með sama hætti og í fyrra dreifibréfi athygli á einstökum atriðum í þessari útgáfu EIOPA.

Umfjöllun um tæknistaðla

Í frumvarpsdrögum fjármálaráðuneytisins vegna innleiðingar Solvency II er gert ráð fyrir því að tæknistaðlar sem varða starfsemi Fjármálaeftirlitsins verði innleiddir sem reglugerð en tæknistaðlar sem varða starfsemi váttryggingafélaga verði gefnir út sem reglur af Fjármálaeftirlitinu.

1. Tæknistaðall um héraðsstjórnir og sveitarstjórnir á EES-svæðinu sem litið skal á sem sambærilega áhættu og viðeigandi ríki hvað varðar sérstaka tekjuöflunarmöguleika og stjórnsýslufyrirkomulag sem minnka áhættu á greiðslufalli (ITS on regional government and local authorities treated as exposures)

Gert er ráð fyrir að þessi tæknistaðall verði gefinn út sem reglur Fjármálaeftirlitsins. Um er að ræða lista af héraðsstjórnnum og sveitarstjórnnum og er rétt að geta þess að engir íslenskir aðilar eru á þessum lista þar sem fyrirkomulag sveitarstjórna hér á landi var ekki talið réttlæta slíkt.

2. Tæknistaðall um hlutabréfavísitölu fyrir samhverfa aðlögun hlutabréfaáhættu (ITS on equity index for the equity dampener)

Útreikningur gjaldpolskröfu (SCR) vegna hlutabréfaáhættu er hluti af útreikningi markaðsáhættu og er nánar fjallað um þann útreikning í reglugerð ESB nr. 2015/35. Með samhverfri aðlögun er átt við að gjaldpolskrafa vegna hlutabréfaáhættu þróist í samræmi við sveiflur á hlutabréfamarkaði, þ.e. að krafan verður hærri í uppsveiflu markaði og lægri í niðursveiflu. Gert er ráð fyrir að þróuð verði ein vísitala fyrir allt Evrópska efnahagssvæðið og EIOPA hefur frá síðustu áramótið gefið mánaðarlega út vísitölu sem byggir á þessum tæknistaðli.

3. Tæknistaðall um gjaldmiðla sem fylgja evru (ITS on adjustment for pegged currencies)

Tæknistaðall þessi á eingöngu við um váttryggingafélög sem gera upp í gjaldmiðlum sem fylgja evru og á því ekki við hér á landi.

4. Tæknistaðall um sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga (ITS on health risk equalisation systems)

Tæknistaðall þessi á eingöngu við í þeim ríkjum þar sem fyrir er kerfi þar sem áhætta váttryggingafélaga vegna heilsutryggingafélaga er jöfnuð. Slíkt kerfi er ekki til hér á landi.

5. Tæknistaðall um mat á ytri lánshæfismatsstofnunum (ITS on the procedures for assessing external credit assessments)

Tæknistaðlinum er beint til váttryggingafélaga sem reiða sig á lánshæfismat ytri lánshæfismatsstofnana (ECAI) við mat á váttryggingaskuld og gjaldpolskröfu (SCR). Staðalinn fjallar um hversu mikilvægt eigið mat váttryggingafélaga á gæðum lánshæfismatsins er í áhættustýringu.

6. Tæknistaðall um gagnsæi og birtingu upplýsinga (ITS on templates and structure of the disclosure of specific information by supervisory authorities)

Ákvæði 30. gr. frumvarpsdraganna um gagnsæi og birtingu upplýsinga sem kveður á um að Fjármálaeftirlitið skuli hafa tiltekna upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu sinni. Staðallinn fjallar um hvernig upplýsingarnar skulu byggðar upp og um form, uppbyggingu, efnisyfirlit og dagsetningar á birtingu gagna.

7. Tæknistaðall um viðbótargjaldpolskröfu (ITS on the procedures for decisions to set, calculate and remove capital add-ons)

Ákvæði 32. gr. frumvarpsdraganna kveða á um að Fjármálaeftirlitið geti lagt viðbótargjaldpolskröfu á váttryggingafélag í tilteknum undantekningartilvikum. Tæknistaðallinn kveður nánar um við hvaða aðstæður eftirlitsstjórnvöld geta lagt á viðbótargjaldpolskröfu, hvernig staðið er að útreikningi hennar og um ferlið við að setja, reikna og fella niður viðbótargjaldpolskröfu.

8. Tæknistaðall um gagnaskil (ITS on templates for the submission of information to the supervisory authorities)

Hér er um mikilvægasta tæknistaðallinn að ræða, enda er hann grundvöllur allra tölulegra gagna sem váttryggingafélögum ber að skila samkvæmt Solvency II. Um gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins er fjallað í 31. gr. frumvarpsdraganna.

9. Tæknistaðall um skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu (ITS on procedures, formats and templates of the solvency and financial condition report)

Um skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu er fjallað í IX. kafla frumvarpsdraganna um opinbera birtingu. Í tæknistaðlinum er fjallað um á hvaða formi skýrslan skuli vera.

10. Tæknistaðall um kerfisbundin skipti á upplýsingum í eftirlitsráðum (ITS on submission of information to the group supervisor as well as the exchange of information between supervisory authorities)

Tæknistaðallinn fjallar um starfsemi eftirlitsstjórnvalda sem starfa saman um eftirlit með alþjóðlegum samstæðum í svokölluðum eftirlitsráðum. Að svo stöddu á þessi tæknistaðall ekki við um Fjármálaeftirlitið.

11. Tæknistaðall um vörpun lánshæfismats í lánshæfisgæðaflokka (ITS on the allocation of credit assessments of external credit assessment institutions to an objective scale of credit quality steps)

Í útreikningi tiltekinna áhættueininga í gjaldþolskröfunni (SCR) er gert ráð fyrir að ytra lánshæfismat geti haft áhrif á kröfuna. Í Solvency II er gert ráð fyrir að lánshæfisgæði skiptist í 7 flokka (0-6). Í tæknistaðlinum er fjallað um hvernig lánshæfiseinkunnir þeirra lánshæfismatsstofnana sem fengið hafa starfsleyfi frá Evrópsku verðbréfa- og markaðseftirlitsstofnuninni (e. European Securities and Market Authority, ESMA) varpast yfir í þessa lánshæfisgæðaflokka.

Umfjöllun um viðmiðunarreglur

1. Viðmiðunarreglur um gagnaskil og opinbera birtingu (Guidelines on Reporting)

Viðmiðunarreglurnar fjalla nánar um reglubundna gagnasöfnun og opinbera birtingu, nánar tiltekið:

- efni skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu (e. Solvency and Financial Condition Report, SFCR),
- efni reglubundinnar eftirlitsskýrslu (e. Regular Supervisory Report, RSR),
- gagnareglur reglubundinna gagnaskila á tölulegum gögnum samkvæmt tæknistaðli þar að lútandi,
- gagnaskil í tilvika fyrirfram gefinna atburða (e. Predefined Events),
- ferli váttryggingafélaga varðandi opinbera birtingu og gagnaskil

2. Viðmiðunarreglur um gagnaskil vegna fjármálastöðugleika (Guidelines on Financial Stability Reporting)

Samkvæmt reglugerð um starfsemi EIOPA gegnir stofnunin mikilvægu hlutverki í að viðhalda fjármálastöðugleika á evrópska efnahagssvæðinu. Sérstök gagnasöfnun er liður í að framfylgja því hlutverki. Sértek gagnasöfnun nær til samstæðna og váttryggingafélaga þar sem efnahagsreikningur samsvarar a.m.k. 12 milljörðum evra og því eiga viðmiðunarreglurnar ekki við hér á landi.

3. Viðmiðunarreglur varðandi aðferðir til þess að reikna út markaðshlutdeild (Guidelines on Methods to calculate the Market Share)

Í 6. og 9. mgr. 31. gr. frumvarpsdraganna eru ákvæði um að hægt sé að veita váttryggingafélögum sem eru samtals með undir 20% markaðshlutdeild í skaðatryggingum annars vegar og líftryggingum hins vegar undanþágu frá tilteknum ársfjórðungslegum gagnaskilum. Í viðmiðunarreglunum er að finna lýsingu á þeim aðferðum sem notaðar eru til þess að reikna út markaðshlutdeildina og hvernig félögin sem eiga rétt á undanþágu eru valin.

4. Viðmiðunarreglur um verðmat á eignum og skuldbindingum öðrum en váttryggingaskuld (Guidelines on the Valuation of Assets and liabilities others than technical provisions)

Í Solvency II er almennt gert ráð fyrir að váttryggingafélög meti eignir og skuldbindingar sínar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Samkvæmt 74. gr. frumvarpsdraganna skulu váttryggingafélög meta eignir og skuldbindingar sínar þannig í mati á gjaldþolsstöðu að virði þess endurspegli verð sem aðilar sem eru upplýstir og fúsir til viðskipta myndu komast að samkomulagi um í viðskiptum ótengdra aðila. Til þess getur komið að verðmat samkvæmt uppgjörsaðferð uppfylli ekki framangreind skilyrði. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að stuðla að faglegum vinnubrögðum og samræmi þegar meta þarf eignir og skuldbindingar við slíkar aðstæður.

5. Viðmiðunarreglur um stjórnkerfi (Guidelines on the System of Governance)

Viðmiðunarreglurnar fjalla um þær kröfur sem váttryggingafélag þarf að uppfylla í þeim tilgangi að stuðla að góðum og skilvirkum stjórnarháttum. Í viðmiðunarreglunum er meðal annars lögð áhersla á ábyrgð og skyldur stjórna og framkvæmdastjóra og lykilsstarfsviðin fjögur í stjórnkerfi váttryggingafélaga, áhættustýringu, starfssvið tryggingastærðfræðings, innri endurskoðun og regluvörslu.

6. Viðmiðunarreglur um eigið áhættu- og gjaldþolsmat (Guidelines on ORSA)

Viðmiðunarreglunum er ætlað að styðja váttryggingafélög við eigið mat félaganna á heildarfjármagnspörf þar sem þau meta hvaða fjárhagsgrundvöllur er hæfilegur miðað við tiltekna áhættusamsetningu, áhættuþol og viðskiptaáætlun.

7. Viðmiðunarreglur um innleiðingu úrræða vegna langtímaskuldbindinga (Guidelines on the implementation of the Long Term Guarantee measures)



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Viðmiðunarreglunum er ætlað að styðja váttryggingafélög í að beita aðlögun vegna óstöðugleika (e. volatility adjustment), aðlögun vegna samræmingar (e. matching adjustment), aðlögunarákvæðum vegna áhættulausra vaxta og aðlögunarákvæðum vegna váttryggingaskuldar. Þessi ákvæði eru ekki innleidd í frumvarpsdrögum fjármálaráðuneytisins og eiga því viðmiðunarreglurnar ekki við hér á landi.

8. Viðmiðunarreglur um viðbótarfrest til að reisa við fjárhag við sérstakar aðstæður (Guidelines on the Extension of the Recovery Period in exceptional adverse situations)

Við mikið fall á fjármálamörkuðum er í ákveðnum tilfellum mögulegt að váttryggingafélagi sé veittur viðbótarfrestur til þess að uppfylla lögbundnar gjaldþolskröfur. Reglurnar fjalla um hvernig meta eigi, á samræmdan hátt, hvort að tilefni sé til að veita viðbótarfrest til þess að uppfylla gjaldþolskröfur.

9. Viðmiðunarreglur um miðlun upplýsinga innan eftirlitsráða (Guidelines on the exchange of information within Colleges)

Viðmiðunarreglur þessar varða upplýsingaskipti á milli eftirlitsstjórnvalda innan sérskipaðs hóps eftirlita sk. eftirlitsráðs (e. colleges). Reglurnar gegna því hlutverki að styðja við skilvirka miðlun upplýsinga og gagna innan ráðsins. Ákvæði um starfsemi eftirlitsráða eiga að svo stöddu ekki við um FME.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID


Lilja Rut Kristófersdóttir


Hrafnhildur S. Mooney